

**Ed.                    222. Viðauka- og breytingartillaga**

við frv. til laga um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.

Flutningsmaður: Karl Einarsson.

Á undan meginmáli frumvarpsins komi: 1. gr.

Við bætist:

2. gr.

Sýslunefndin og hreppsnefndin í Vestmanneyjasýslu hafa á hendi sameiginlega alla stjórn vegamála innan sýslunnar.

Nefndirnar ráðstafa í sameiningu sýslu- og hreppsvegafjenu, ákveða hvar vegir skuli liggja og hafa umsjón og stjórn með vegagjörðum og viðhaldi vega.